

L Ö G

um

34
14. júní

viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fé er fyrir hendi, allt að 70 þúsund krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til þess að gera við og ljúka við að byggja hafnargarðana og til nauðsynlegustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum.

Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sé falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.